



Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun
Sérít 2016 – Menntun, mannvit og margbreytileiki.
Greinar frá Menntakvikun
Menntavísindasvið Háskóli Íslands

Ritrynd grein birt 31. desember 2016

►► Yfirlit greina

Anna Katarzyna Wozniczka og Hanna Ragnarsdóttir

Lög, stefna og úrræði í málefnum háskólanema af erlendum uppruna í þremur háskólum á Íslandi

► Um höfunda ► Efnisorð

Fjölgun innflytjenda í háskólum á Íslandi kallar á viðbrögð háskólayfirvalda, kennara og háskólasamfélagsins. Íslenskar og erlendar rannsóknir sýna að menntastofnanir, einkum á háskólastigi, gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja félagslegt jafnrétti, með stefnu sinni og meðal annars með því að beita kennsluaðferðum sem henta fjölbreyttum nemendahópum og bjóða þeim stuðning og ráðgjöf (Anderson, 2008; Hanna Ragnarsdóttir, 2010).

Markmið greinarinnar er að fjalla um niðurstöður skjalagreiningar (e. document analysis) á reglugerðum og stefnu í málefnum háskólanema af erlendum uppruna á Íslandi og úrræðum sem standa þeim til boða í íslenskum háskólum. Fræðilegur grunnur verkefnisins er í gagnrýnum fjölmenningsfræðum þar sem áhersla er á réttindi minnihlutahópa í samfélögum og menntun (Parekh, 2006). Eigindlegum aðferðum var beitt og gagnaöflun fólst í söfnun og skjalagreiningu opinberra skriflegra gagna úr þremur stærstu háskólum á Íslandi ásamt því að skoða lagaramma um íslenska háskóla og stefnu stjórnvalda Íslands í aðlögun innflytjenda (Stake, 1995; Yin, 1994).

Niðurstöður benda til þess að hvorki háskólarnir þeir né stjórnvöld hafi skýra stefnu í málefnum háskólanema af erlendum uppruna. Ekki er gerður greinarmunur á innflytjendum og skiptinimum í stefnu háskólanna þriggja og upplýsingar um flest úrræði háskólanna á vefsíðum og í stefnu þeirra eru sniðnar að þörfum skiptinema frekar en innflytjenda.

Rannsóknin er hluti verkefnisins *Educational aspirations, opportunities and challenges for immigrants in university education in Iceland (2016-2018)* sem styrkt er af Rannís.

Acts and policies regarding immigrant students and services available to them in three Icelandic universities

► About the authors ► Key words

The increased number of immigrants in universities in Iceland calls for a response from university authorities, teachers and campus communities. This response needs to be cognizant of various factors, such as potential language difficulties, cultural precepts and social marginalization. Also, administrative infrastructures need to be available to respond constructively and professionally, which calls for analysis of policy and administrative structures (Anderson, 2008; Gundara, 2000; Rizvi & Lingard, 2010). Access to education for immigrants is crucial in counteracting their marginalization and exclusion and encouraging their active participation in society. Interna-

tional and Icelandic studies show that education, particularly at tertiary level, plays an important role in ensuring societal equality. This role includes numerous important factors, ranging from awareness and knowledge of suitable teaching methods for diverse student populations to an understanding of the need for individualized support and counselling for students (Anderson, 2008; Hanna Ragnarsdóttir, 2010; Lillie, 2013; Sutherland, Claxton & Pollard, 2003).

The aim of the article is to analyse regulatory policies regarding immigrant students and the services and initiatives available to them in Icelandic universities. The theoretical background of the project included critical multicultural studies focusing on the analyses of the position of minority groups in societies from a critical perspective on these societies and their educational systems (Parekh, 2006). According to Parekh (2006), multicultural societies need to find their balance and ensure equal opportunities and equal access without losing coherence and the same applies to education systems in these societies. This is possible through active communication and agreement between groups and individuals.

Data were collected from official, governmental documents, including the Act on Public Higher Education Institutions no. 85/2008 (Lög um opinbera háskóla nr 85/2008), the Act on Higher Education Institutions no. 63/2006 (Lög um háskóla nr. 63/2006), as well as general policies, equality policies, other written information published and/or available online from the three largest universities in Iceland, University of Iceland, Reykjavik University and University of Akureyri (Stake, 1995; Yin, 1994). Thematic analysis was used to synthesize main findings from the study (Bowen, 2009; Braun & Clarke, 2013).

Findings suggest that while the regulations, policies and other official documents of the three universities in Iceland reveal an awareness of the diversification of their student populations and some articulate the universities' responsibility in reaching out to immigrant populations, there is little documentation and evaluation available on how these universities are addressing student diversity in practice. Such information would be helpful in the development of policies, courses and pedagogies that respond to the needs of immigrant students (Gray, Rolph & Melamid, 1996). There is comprehensive information on student counselling available, but issues concerning immigrant students, including potential language difficulties, cultural differences, different learning and communication methods, as well as use of previous knowledge and experiences are not covered (Daddona, 2011; Stebleton & Soria, 2012). There is no clear distinction between immigrant student and exchange student populations in the policies and rhetoric in the documents and other written information available from the universities' websites. Some forms of social support, along with mentoring, address exchange students according to the information available, although previous studies emphasise the importance of counselling and mentoring in fostering immigrant students' social and academic inclusion and improving their achievement (Gloria & Kurpius, 2001; Sinacore, Park-Saltzman, Mikhail & Wada, 2011). However, there are some indicators in the analysed data that a growing discourse on multiculturalism and societal equality now includes issues of nationality, mother tongues and ethnicity, thus replacing an earlier focus on gender.

The study is part of the project Educational aspirations, opportunities and challenges for immigrants in university education in Iceland (2016-2018) funded by the Icelandic Research Fund (Rannís). In addition to document analysis, data in the project are collected through focus groups and individual interviews with immigrant students, who are either enrolled at one of the three universities or dropped out after one year, and through interviews with key people in these universities, such as teachers and counsellors.

Inngangur

Undanfarin ár hefur innflytjendum á Íslandi fjölgað jafnt og þétt. Árið 2015 voru erlendir ríkisborgarar 7,6% landsmanna (Hagstofa Íslands, 2016a). Aukinn fjölbreytileiki í tungumálum og uppruna nemenda birtist á öllum skólastigum samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands (2016b).

Fjölgun innflytjenda í háskólum á Íslandi kallar á viðbrögð háskólayfirvalda, kennara og háskóla-samfélagsins. Íslenskar og erlendar rannsóknir sýna að menntastofnanir, einkum á háskólastigi, gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja félagslegt jafnrétti, meðal annars með því að beita kennsluaðferðum sem henta fjölbreyttum nemendahópum og bjóða þeim stuðning og ráðgjöf (Anderson, 2008; Franke, 2015; Hanna Ragnarsdóttir, 2010).

Í nýlegri skýrslu um jafnrétti í íslenskum háskólum (Herdís Sólberg Haraldsdóttir, 2013) sem gefin var út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu er lögð áhersla á jafnrétti kynjanna. Þó er þess getið í inngangi skýrslunnar að nauðsynlegt sé að víkka skilgreininguna á jafnrétti.

Ekki liggja fyrir birtar niðurstöður rannsókna um brottfall innflytjenda í háskólum á Íslandi. Skýrsla um brottfall úr háskólum hefur verið gerð, en þar er ekki fjallað um innflytjendur (Háskóli Íslands, 2008). Þó er í skýrslunni lagt til bætt aðgengi fjölbreyttra hópa að upplýsingum.

Tækifæri til virkrar þátttöku í menntun og samfélagi eru afar mikilvæg fyrir velferð og valdeflingu innflytjenda. Þess vegna hafa íslenskt samfélag og stofnanir skýrar siðferðilegar skyldur gagnvart þessum fjölbreytilega nemendahópi, þar á meðal að tryggja jafnan aðgang að menntun og frekari ráðgjöf og aðstoð í námi ef þörf krefur.

Markmið greinarinnar er að fjalla um niðurstöður skjalagreiningar á reglugerðum og stefnu í mál-efnum háskólanema af erlendum uppruna á Íslandi og vefupplýsingum um úrræði sem standa þeim til boða í þremur stærstu háskólunum á Íslandi, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Akureyri. Rannsóknarspurningin sem leitast er við að svara í greininni er: Hvaða upplýsingar um málefni háskólanema af erlendum uppruna koma fram í opinberri stefnu stjórnvalda og háskóla?

Rannsóknin er hluti rannsóknarverkefnisins *Educational aspirations, opportunities and challenges for immigrants in university education in Iceland (2016–2018)* þar sem auk skjalagreiningar eru tekin rýnihópaviðtöl og einstaklingsviðtöl við núverandi háskólanema og nema sem hafa hætt námi, ásamt því að rætt er við lykilstarfsmenn háskólanna, svo sem kennara og ráðgjafa.

Fræðilegur rammi

Fræðilegur grunnur verkefnisins er í gagnrýnum fjölmenningsfræðum þar sem áhersla er lögð á réttindi minnihlutahópa í samfélögum og menntun (Parekh, 2006). Parekh (2006) hefur fjallað um menningarlegan fjölbreytileika í nútímasamfélögum og leggur áherslu á að hann sé veruleiki nútímans og alþjóðlegt viðfangsefni og stuðla þurfi að jöfnuði í fjölmenningsamfélögum. Leita þurfi jafnvægis í hverju samfélagi með virkri þátttöku og samræðum hópa og einstaklinga. Þannig þurfi að virkja alla einstaklinga í fjölmenningsamfélögum til þátttöku og tryggja jöfn tækifæri og aðgengi fyrir alla.

Á tímum vaxandi fjölbreytileika í tungumálum og uppruna standa menntastofnanir í mörgum löndum frammi fyrir því að þurfa að bregðast við þessum nýja veruleika. Menntastofnanir gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja félagslegan jöfnuð (Anderson, 2008; Franke, 2015; Gundara, 2000; Rizvi og Lingard, 2010) og í þessari grein er hlutverk háskóla í brennidepli. Það hlutverk er m.a. að huga að félagslegum og námslegum orsökum slæms gengis í háskólum, aðgengi að ýmsum námsleiðum og viðbrögðum menntakerfisins við innflytjendum. Í viðbrögðum menntakerfisins þarf að taka tillit til margvíslegra þátta, svo sem tungumálaörðugleika, menningarlegra viðmiða og félagslegrar jaðarstöðu. Jafnframt þarf að vera fyrir hendi skipulag sem tryggir að brugðist sé við á uppbyggilegan og faglegan hátt og því er mikilvægt að greina stefnu og skipulag í menntakerfinu (Franke, 2015). Scott (2015) heldur því fram að háskólakerfin séu ekki nógu fjölbreytt og það lýsi sér í minni aðsókn jaðarhópa og þar með minnihlutahópa í nám. Þetta gæti stafað annars vegar af virkri og hins vegar óvirkri mismunun, a) af hlutdrægni og fjárhagslegum skilyrðum fyrir inntöku nemenda með mismunandi bakgrunn; eða b) af því hve misáhugavert

námið er fyrir ólíka nemendahópa. Niðurstöður rannsókna Calvo og Sarkisian (2015) með ólíkum hópum innflytjenda benda til þess að menntun hafi tilhneigingu til að endurspeglar stéttaskiptingu þvert yfir landamæri og að stefna samfélaga og menntakerfa ætti að vinna gegn slíkri tilhneigingu. Takmörkuð tungumálafærni, einkum vegna ófullnægjandi stuðnings við tungumálakennslu nemenda af erlendum uppruna sem flytja til nýs lands á unglingsárum, er talin ein af helstu hindrunum fyrir því að innflytjendur útskrifist úr framhaldsskóla eða sækji sér viðbótarmenntun (Erisman og Looney, 2007).

Astin og Oseguera (2004) nefna að háskólastofnanir séu oft kynntar þannig að þar ríki réttlæti og unnið sé þar gegn lagskiptingu og mismun. Fræðimenn og stefnumótandi aðilar telji þó að þrátt fyrir bætt aðgengi minnihlutahópa sé aðgengið lagskipt og þannig fái nemendur með hærri stéttarstöðu t.d. hlutfallslega betra aðgengi að völdum háskólastofnunarinnar en aðrir nemendur. Einnig er talið að bilið milli þessara hópa fari breikkandi. Að mati Astin og Oseguera (2004) er mikilvægt að skilja með hvaða hætti háskólastofnanir stuðla að jöfnuði með stefnu sinni og starfsháttum.

Ýmsar alþjóðlegar rannsóknir og skýrslur hafa beinst að menntun fullorðinna innflytjenda. Í skýrslunni *European Higher Education Area (EHEA) in 2015: Bologna Process Implementation Report* kemur fram að nemendur sem fæddir eru utan þeirra Evrópulanda sem skýrslan fjallar um hætti snemma í skóla og séu ólíklegri en aðrir til að fara í háskóla. Í skýrslunni er fjallað um 18 til 29 ára nemendur. Bilið milli innfæddra og innflytjenda á Íslandi, í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð hvað varðar þátttöku í háskólanámi er milli fjögur og átta prósent (European Commission/EACEA/Eurydice, 2015).

Aðgengi innflytjenda að menntun er afar mikilvægt ef vinna á gegn jaðarstöðu þeirra og einangrun, og jafnframt er það hvatning til virkrar þátttöku í samfélaginu (Lillie, 2013). Háskólar geta gegnt mikilvægu hlutverki og bera ábyrgð á því að vinna gegn jaðarstöðu innflytjenda. Þetta hlutverk háskóla er margþætt, allt frá stefnumótun og þekkingu á kennsluháttum sem henta fjölbreyttum nemendahópum til skilnings á þörf einstaklinga fyrir stuðning (Sutherland, Claxton og Pollard, 2003). Anderson (2008) heldur því fram að við kennslu fjölbreyttra nemendahópa sé mikilvægt að lögð sé áhersla á virðingu fyrir mismun og fjölbreytileika. Meðal annars þarf að skapa andrúmsloft þar sem nemendur eru hvattir til að taka þátt, skiptast á skoðunum, eiga uppbyggilega samræðu og þroskast vitsmunalega. Sinacore o.fl. (2011) rannsökuðu áskoranir innflytjenda í framhaldsnámi í háskólum og störfum að því loknu. Markmið rannsóknar þeirra var aukinn skilningur á reynslu innflytjenda af háskólanámi og hvernig sú reynsla hefði áhrif á aðlögun þeirra að samfélaginu í Quebec. Þau athuguðu einnig þörf innflytjenda fyrir námsráðgjöf og mentora meðan á náminu stóð. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að háskólasvæði sé fjölmenningslegt samfélag þar sem innflytjendur þurfi að geta fengið stuðning til að laga sig að samfélaginu. Sinacore og Lerner (2013) athuguðu aðlögun innflytjenda í grunnnámi í háskólum í Quebec og komust að því að þeir nemendur glímdu við margs konar samfélagslegar og sálfélagslegar hindranir fyrir velgengni í námi og félagslegri aðlögun, svo sem tungumálaörðugleika og skort á félagslegum stuðningi. Að auki stóðu þessir nemendur frammi fyrir stofnanalegum hindrunum, svo sem skorti á þekkingu á menntakerfi Kanada, skorti á viðbrögðum frá starfsfólki háskólanna og öðrum erfiðleikum sem torvelduðu aðlögun þeirra að háskólaumhverfinu. Fleiri rannsóknir sýna að starfsmenn háskólanna, svo sem kennarar, ráðgjafar og aðrir sem taka þátt í samskiptum við háskólanema af erlendum uppruna, geti haft mikil áhrif á nám þeirra. Þeir gegni mikilvægu hlutverki við að styðja innflytjendur í að ná góðum námsárangri og persónulegum markmiðum, og því þurfi að vera stefna, verklagsreglur og upplýsingagjöf sem tengist kennslu og ráðgjöf í fjölmenningslegu samfélagi í háskólum (Boesch, 2014; Daddona, 2011; Stebleton og Soria, 2012). Enn fremur hafa rannsóknir sýnt að akademísk og félagsleg aðlögun nemenda af erlendum uppruna velti mjög á góðri náms- og starfsráðgjöf og mentorakerfi og að slík þjónusta eflir námsárangur þeirra (Gloria og Kurpius, 2001; Sinacore og félagar, 2011).

Sýnileiki fjölbreyttra nemendahópa í háskólum hefur einnig verið kannaður í rannsóknum. Wilson og Meyer (2009) rannsökuðu vefsíður 40 háskóla í 40 fylkjum Bandaríkjanna með tilliti til hagnýtra upplýsinga og þjónustu fyrir minnihlutahópa og komust að því að í myndum sem notaðar eru við upplýsingagjöf er hlutfall minnihlutahópa herra en raunverulegt hlutfall þeirra í háskólunum, en upplýsingar um ráðgjöf, tülkaþjónustu, þýðingar á skjölum (t.d. á spænsku) o. fl. var í helmingi tilfella ekki að finna þó að háskólanemar úr minnihlutahópum, einkum tilvonandi, noti heimasíður háskólanna í síauknum mæli. Gabel, Reid, Pearson, Ruiz og Hume-Dawson (2016) skoðuðu orð-

ræðu í upplýsingagjöf fyrir háskólanema með fötlun í California State University (CSU) og komust að þeirri niðurstöðu að háskólanemar með fötlun séu annars vegar ósýnilegir í umfjöllun og að hins vegar sé fjallað um þá þannig að ýtt sé undir einangrun þeirra, frekar en að litið sé á nema með fötlun sem þátt í fjölbreytileika og styrk háskólans.

Stefnumótun tengd tungumálum háskólanema hefur verið rannsökuð, m.a. af Sterzuk (2015) sem rannsakaði tungumálastefnu í háskólum í Kanada með því meðal annars að skoða menntastefnu skólanna og taka viðtöl við starfsmenn háskóla og erlenda nemendur. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að háskólarnir legðu áherslu á ósveigjanlega tungumálastefnu þar sem unnið væri gegn fjöltyngi. Að mati Sterzuk stangast viðleitni til að takmarka fjölbreytileika í tungumálum á háskólastigi á við hnattvæðingu og fjölbreytileika samfélaga.

Vísbendingar eru um að háskólar taki í auknum mæli tillit til radda nemenda, og kanni stöðu þeirra til að auka skilning á reynslu þeirra af háskólanámi og styðja þátttöku þeirra í uppbyggingu háskólastarfs. Dæmi um slíka starfsemi er *The Student Experience in the Research University (SERU) Consortium* sem starfar í 16 rannsóknarháskólum í Bandaríkjunum (Franke, 2015).

Framangreindar rannsóknir og skýrslur varpa ljósi á fjölmarga mikilvæga þætti tengda menntun innflytjenda á háskólastigi. Nokkrar íslenskar rannsóknir hafa verið gerðar er tengjast viðfangsefninu og verður næst vikið að þeim.

Íslenskar rannsóknir

Í nýlegum íslenskum rannsóknum á þróun háskólamenntunar á Íslandi hefur sjónum ekki verið beint að innflytjendum sérstaklega (Gyða Jóhannsdóttir og Jón Torfi Jónasson, 2013, 2014). Rannsóknir á brottfalli úr skólum á Íslandi hafa heldur ekki beinst að innflytjendum sérstaklega heldur að brottfalli almennt (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christin Tannhäuser, 2011). Jón Torfi Jónasson (2008) hefur haldið því fram að vísindi og samfélagsleg ábyrgð séu vissulega meðal akademískra gilda, en það sé þó ekki ljóst að hve miklu leyti það geri akademískar stofnanir að verndurum lýðræðis, gagnrýnnar orðræðu, félagslegs jöfnuðar og samloðunar, sem hann telur að þær ættu að vera.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi á undanförunum árum þar sem áhersla hefur verið lögð á menntun ungra og fullorðinna innflytjenda í íslensku skólakerfi (sjá t.d. Anh-Dao Tran, 2015; Books, Hönnu Ragnarsdóttir, Ólaf Pál Jónsson og Allyson Macdonald, 2011; Cynthia Trililani, 2015; Gest Guðmundsson, 2013a, 2013b; Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2010; Hönnu Ragnarsdóttir, 2010, 2011, 2012a, 2012b; Hönnu Ragnarsdóttir og Bórk Hansen, 2014; Hönnu Ragnarsdóttir og Hildi Blöndal, 2007, 2014; Ólöfu Garðarsdóttir og Guðjón Hauks-son, 2011; Robert Berman, Samúel Lefever og Anna Katarzyna Wozniczka, 2012; Rósu Björg Þorsteinsdóttir, 2013; Susan Rafik Hama, 2012) og jafnframt hafa verið gerðar rannsóknir sem snerta fjölbreytta kennarahópa í íslenskum skólum (Hanna Ragnarsdóttir, 2010, 2012a, 2012b; Samúel Lefever, Paavola, Berman, Hafdís Guðjónsdóttir, Talib og Karen Rut Gísladóttir, 2014). Í þessum rannsóknum hefur athygli einnig verið beint að menntastefnu, svo og stefnu og starfs- háttum einstakra skóla.

Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal gerðu tvær rannsóknir með innflytjendum sem stunduðu nám við Kennaraháskóla Íslands (Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal, 2007) annars vegar og hins vegar innflytjendum í alþjóðlegu námi í menntunarfræði (International Studies in Education) við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal, 2014). Megin- niðurstöður fyrri rannsóknarinnar, sem gerð var árið 2006, bentu til þess að nemendurnir væru ánægðir með námið og kennsluna, en að þeir upplifðu jaðarstöðu og fordóma frá samnemendum sínum í náminu. Þeim fannst reynsla sín og skoðanir þaggaðar niður og ekki metnar að verðleikum. Seinni rannsóknin var gerð með konum í alþjóðlega náminu þar sem kennt er á ensku. Náms- leiðin var stofnuð árið 2008 og var að hluta til skipulögð og þróuð í því skyni að gefa nemendum af erlendum uppruna sem búsettir væru á Íslandi ný og fjölbreyttari tækifæri til náms á háskólastigi, að undirbúa þá fyrir störf á sviði menntunar og að veita þeim betri þjónustu en áður hafði verið fyrir hendi í íslensku menntakerfi (Books o.fl. 2011; Hanna Ragnarsdóttir, 2010, 2012a). Niðurstöður rannsóknarinnar með konunum í alþjóðanáminu benda til þess að námið hafi veitt þeim tækifæri og aðgengi að háskólanámi sem þær hafi ekki haft áður. Þátttaka í náminu hafði eftir konurnar að

þeirra sögn og veitt þeim hvatningu og stuðning til að halda áfram námi. Þess má geta að sumar kvennanna héldu áfram námi á meistarastigi og síðar doktorsstigi eftir góða reynslu af alþjóðanáminu. Niðurstöðurnar benda einnig til þess að sérstök áhersla á fjölbreytileika nemendahópa í kennsluháttum valdefli þessa nemendur og sé þeim hvatning til náms.

Nýlegar rannsóknir með innflytjendum í framhaldsskólum hafa einnig varpað ljósi á ýmsa markverða þætti í stefnu og starfsháttum skóla. Í doktorsverkefni sínu, *Untapped Resources or Deficient 'Foreigners': Students of Vietnamese Background in Icelandic Upper Secondary Schools*, rannsakar Anh-Dao Tran (2015) hversu vel íslenskt menntakerfi hefur stuðlað að jöfnuði fyrir ungt fólk af erlendum uppruna. Hún nefnir að hátt brottfall innflytjenda úr framhaldsskólum hafi komið fram í niðurstöðum ýmissa rannsókna og að nemendur tilgreini laka íslenskukunnáttu, veika sjálfsmynd, skort á innri áhugahvöt og félagslega einangrun sem ástæður fyrir því að þeir hættu námi. Niðurstöður rannsóknar Anh-Dao benda til þess að þó að lög, reglugerðir og námskrár, sem mynda grunninn að kennslu og aðlögun nemenda, viðurkenni að nokkru leyti að á Íslandi sé fjölmenningsamfélag séu áherslur þar fremur á skort nemenda á íslenskukunnáttu en á þekkingu þeirra og menningu sem getur styrkt þá í námi. Enn fremur hafi stjórnendur og kennara skort þekkingu á fjölmenningslegri menntun.

Rósa Björg Þorsteinsdóttir (2013) rannsakaði í meistaraverkefni sínu hvaða leiðir framhaldsskólar á Íslandi og í Noregi færu til að vinna gegn brottfalli ungra innflytjenda og hvort þeir nýttu þær fjölbreyttu auðlindir sem nemendurnir kæmu með í skólana. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að stefna og megináhersla í skólum beggja landanna sé að kenna íslensku eða norsku sem annað mál og laga nemendurnar að meirihlutamenningunni í landinu. Skólarnir lögðu ekki áherslu á að vinna gegn mismunun eða byggja nám og kennslu á fjölbreyttum auðlindum nemenda.

Rannsóknir Anh-Dao og Rósu benda til þess að skilningi á þörfum fjölbreyttra nemendahópa í framhaldsskólum á Íslandi sé ábótavant og ekki sé gert ráð fyrir þeim í stefnu skólanna. Því má spyrja hvernig staðið er að málum í háskólum á Íslandi. Þess ber þó að geta að í nýrri norrænni rannsókn (Hanna Ragnarsdóttir, 2015) þar sem lögð er áhersla á að kanna námslega og félagslega velgengi innflytjenda í alls 27 völdum leik-, grunn-, og framhaldsskólum á fjórum Norðurlandanna koma fram fjölmörg dæmi um skólastefnu þar sem áhersla er lögð á fjölbreytta nemendahópa og áhugavert og gott skólastarf þar sem leitast er við að byggja á þekkingu og styrkleikum allra nemenda.

Aðferð

Gagnaöflun fólst í söfnun og skjalagreiningu skriflegra gagna úr þremur háskólum sem aðgengileg eru fyrir almenning á vefsíðum þeirra ásamt því að athuga lagaramma um háskóla á Íslandi og stefnu íslenskra stjórnvalda í aðlögun innflytjenda. Skjalagreining er talin vera gagnleg aðferð við tilviksrannsóknir, þar sem markmiðið er að öðlast dýpri skilning á ákveðnum fyrirbærum, atburðum eða skipulagi (Stake, 1995; Yin, 1994). Í öðru lagi geta upplýsingar sem rannsakandi safnar í skjölum og greinir leitt til spurninga sem síðan má spyrja í viðtölum og vettvangsathugunum (Bowen, 2009). Skjalagreining hjálpar einnig til við að rekja breytingar og þróun (Yin, 1994). Hafa þarf í huga að skjalfestar heimildir koma ekki í staðinn fyrir aðrar tegundir af gögnum. Skjölín segja okkur t.d. ekki hvernig daglegt starf í stofnunum fer fram né hvernig nemendur, kennarar, eða aðrir starfsmenn upplifa það, en leitað verður eftir þeim upplýsingum í seinni hluta rannsóknarverkefnisins *Educational aspirations, opportunities and challenges for immigrants in university education in Iceland*. Það þýðir þó ekki að skrifleg gögn séu minna virði en önnur gögn, heldur að það þarf að nálgast þau út frá tilgangi þeirra (Atkinson og Coffey, 1997). Prior (2003) gengur jafnvel lengra og heldur því fram að skjölín séu stór hluti af tilveru háskóla og skapi sjálfsmynd þeirra.

Gögnum var safnað frá 1. maí til 31. júlí 2016. Hafa skal í huga að einungis voru skoðuð lög, stefnur, skýrslur og aðrar upplýsingar sem eru opinberar og aðgengilegar á vefsíðum háskólanna þriggja og notuð í kynningum þeirra, einkum fyrir nýnema, en nemendur, sérstaklega tilvonandi nemendur, nota vefsíður mikið til að leita að upplýsingum og kynna sér háskólann (Pippert, Eszenburg og Matchett, 2013). Það má segja að vefsíður háskólanna séu eins konar „rafrænt andlit“ þeirra og við teljum því að mikilvægt sé að skoða þær í þessari rannsókn (Meyer, 2008; Wilson og Meyer, 2009). Auk þess var farið yfir lagaramma um háskóla og lög, stefnur og skýrslur sem varða menntamál innflytjenda.

Þemagreining var notuð við úrvinnslu og gögnin voru marglesin. Fyrst var farið í forgreiningu (e. superficial examination), þar sem öll gögn voru greind með opinni kóðun og dregin voru fram helstu þemu sem birtust í skjölunum (Bowen, 2009). Síðan var lesið ítarlega yfir (e. thorough examination) og markvissri kóðun var beitt til að rýna í sameiginleg atriði og ólíka þætti og til að finna lykilmemu, en þemun sem fjallað er um í þessari grein eru niðurstaða þessa ferlis (Braun og Clarke, 2013). Þar sem auðvelt er að greina út frá gögnunum hvaða háskóla um ræðir og þar sem gögnin eru öll opinber og aðgengileg var ákveðið að fjalla um háskólana undir nafni.

Niðurstöður: Lög, stefnur og úrræði í þremur háskólum

Niðurstöðum er skipt í tvö meginþemu: Jafnrétti og aðgengi að námi og skipulag og stefnu sem tekur tillit til fjölbreytileika.

Jafnrétti og aðgengi að námi

Í *Stjórnartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2016—2019* segir að: „Innflytjendur njóti jafnrar stöðu og tækifæra til náms í raun.“ Þá segir jafnframt að „hugað verði sérstaklega að menntun innflytjenda“ og að „mat á menntun verði skilvirkt og unnið að því að verulega dragi úr brottvarfi innflytjenda úr námi“ (Þingskjal nr. 1285/2015–2016. Tillaga til þingsályktunar). Ítarlega umfjöllun um stöðu innflytjenda í grunnskólum og framhaldskólum má finna í nýjustu *Skýrslu félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun í málefnum innflytjenda árið 2016* (Velferðarráðuneytið, 2016), en ekki er fjallað þar um málefni innflytjenda í háskólanámi eða á leiðinni í háskólanám.

Í *Stefnu Háskóla Íslands 2016–2021* (Háskóli Íslands, 2016) er lögð áhersla á mikilvægi þess að leggja rækt við þann mannauð sem býr í starfsfólki og stúdentum skólans, með jafnrétti og fjölbreytileika í fyrrirúmi við uppbyggingu háskólasamfélagsins. Eitt af markmiðum stefnunnar er að greina reglulega samsetningu nemendahópsins og grípa til aðgerða ef kerfislægir hindranir finnast eða þörf er á sérstökum stuðningi við einstaka hópa. Á vegum skólans fer fram ýmislegt starf í þágu jafnréttis og þar starfa m.a. jafnréttisfulltrúi, jafnréttisnefnd og ráð um málefni fatlaðs fólks (Háskóli Íslands, e.d. f). Hins vegar fjalla *Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands* og verklagsreglur aðallega um kynjajafnrétti (Háskóli Íslands, 2013a). Í *Jafnréttisáætlun Menntavísindasviðs Háskóla Íslands* er hugtakið jafnrétti skilgreint á breiðari grundvelli og einskorðast ekki við jafnan rétt kynjanna, heldur nær það til jafnréttis einstaklinga og jafngildis, óháð kyni, kyngervi, kynvitund, kynhneigð, aldri, fötlun, heilsufari, þjóðerni, kynþætti, litarhætti, uppruna, móðurmáli, trúarbrögðum, skoðunum, menningu eða stöðu að öðru leyti (Háskóli Íslands, 2013b).

Í *Stefnu Háskólans í Reykjavík* segir að sérstaða náms við háskólann felist í áherslu á fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir, raunhæf verkefni, virka þátttöku nemenda og tengsl námsins við atvinnulíf og samfélag. Segir jafnframt að háskólinn sé opinn ólíkum einstaklingum og að hann fagni þeirri fjölbreytni sem þeir hafi fram að færa. Markmið jafnréttisáætlunar Háskólans í Reykjavík er að „tryggja jafna aðstöðu og jöfn tækifæri starfsfólks og nemenda við Háskólann í Reykjavík óháð kyni, aldri, trú, þjóðerni, kynþætti, fötlun, kynhneigð, stjórnálaskoðunum og koma í veg fyrir mismunun eða áreitni á grundvelli þessara eða annarra óviðkomandi þátta“ (Háskólinn í Reykjavík, e.d. e). Áætluninni er ætlað að stuðla að því að allir starfsmenn og nemendur séu virtir og metnir að verðleikum á eigin forsendum og að hæfileikar og mannauður verði sem best nýttir. Ennfremur er áætluninni ætlað að vinna gegn hvers kyns stöðluðum hugmyndum um hlutverk karla og kvenna. Þá er áætluninni ætlað að stuðla að sem jafnastri kynjasamsetningu í sambærilegum stöðum, nefndum og ráðum, sem og að stuðla að sem jafnastri kynjaskiptingu meðal nemenda einstakra námsbrauta án þess þó að hæfnisjónarmiðum sé kastað fyrir róða. Allir stjórnendur skólans og forstöðumenn námsbrauta eru ábyrgir fyrir framgangi jafnréttismála og framkvæmd og eftirfylgni jafnréttisáætlunarinnar og er þeim skylt að bregðast við verði þeir varir við misfellur. Til að framfylgja jafnréttisstefnu skal m.a. skoða reglulega hvort ekki séu til staðar kerfisbundnir þættir sem letja eða hindra einstaklinga af ólíku þjóðerni í að sækja nám við háskólann. Í stefnunni segir jafnframt að á hverju ári skuli tekin saman og birt tölfræði yfir kynjasamsetningu, aldursdreifingu og þjóðerni nemenda á námsbrautum við Háskólann í Reykjavík (Háskólinn í Reykjavík, e.d. e). Þó að verklagsreglur séu aðgengilegar á vefsíðu Háskólans í Reykjavík, er árlegri birtingu tölfræði eins og stefnt er að í stefnu háskólans (Háskólinn í Reykjavík, e.d. e) ekki sinnt.

Samkvæmt nýjustu *Stefnu Háskólans á Akureyri 2012–2017* leggur háskólinn áherslu á að tryggja nemendum og starfsfólki jafnan og greiðan aðgang að námi og starfi og skapa náms- og starfs-umhverfi í anda jafnréttissjónarmiða. Meginmarkmið er að gera háskólaumhverfið aðgengilegt og vinna að því að styrkja jákvæð viðhorf og vinnubrögð til að draga úr aðstöðumun. Einnig kemur fram í stefnunni að háskólinn ætli að hafa mannréttindi og lýðræðisleg vinnubrögð sem leiðarstef í starfsemi háskólans (Háskólinn á Akureyri, 2012).

Í engum háskólanna þriggja er gerður skýr greinarmunur á innflytjendum og skiptinimum í stefnu þeirra og á vefsíðum þeirra. Háskóli Íslands notar yfirleitt hugtökin erlendir nemendur og dæmi má sjá um það í tölfræði háskólans (Háskóli Íslands, e.d. b). Erlendir nemendur í Háskólanum í Reykjavík skiptast í *skiptinema* (e. exchange students) og *alþjóðanema í fullu námi* (e. full time international students) (Háskólinn í Reykjavík, e.d. b).

Þó að í stefnu háskólanna þriggja og jafnréttisáætlunum sé lögð áhersla á jafnrétti, fjölbreytileika og mannauð er ekki ljóst í gögnunum hvernig þeirri áherslu skuli framfylgt. Hvorki eru sýnilegar aðgerðaráætlanir né verklagsreglur á vefsíðum háskólanna, né hvernig framkvæmd eða innleiðingu er háttað þar.

Skipulag og stefnur sem taka tillit til fjölbreytileika

Í *Lögum um háskóla* (Lög um háskóla, nr. 63/2006) og lögum um opinbera háskóla á Íslandi (Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008) er ekki að finna ákvæði um fjölbreytta nemendahópa eða innflytjendur. Í *Stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda* segir: „Nemendum með annað móðurmál en íslensku í grunn- og framhaldsskólum verði auðvelduð próftaka á íslensku. Þeir sem semja og annast framkvæmd prófa, jafnt samræmdra sem annarra, leitist við að tvítyngdir nemendur gjaldi ekki fyrir takmarkaða kunnáttu í íslensku“ (Félagsmálaráðuneytið, 2007, bls. 14). Í stefnunni finnast engar upplýsingar um háskólastig.

Samkvæmt *Stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda* er tungumálakunnátta „einn mikilvægasti lykillinn að nýju samfélagi og grundvallarforsenda fyrir fullri þátttöku og aðlögun fólks að íslensku samfélagi. Það er því mikilvægt að þeir sem flytja hingað til lands og hafa annað móðurmál en íslensku nái góðum tókum á íslenskri tungu og kynnist íslenskri menningu og samfélagi“ (Félagsmálaráðuneytið, 2007, bls. 13).

Íslenskunámskeið fyrir erlenda nema stendur til boða í Háskólanum á Akureyri. Meginmarkmið námskeiðsins er að veita nemendum alhliða innsýn í einkenni íslensks máls. Sérstök áhersla er lögð á munnlega tjáningu, grunnatriði íslensks framburðar, skilning á einföldu, töluðu máli og grunnatriði í beygingakerfi íslenskunnar. Hversdagslegt talmál er einnig kynnt fyrir nemum með samræðum og einföldum textum. Nemendur fá jafnframt æfingu í að skrifa og tala íslensku (Háskólinn á Akureyri, e.d. a).

Háskóli Íslands býður upp á ókeypis íslenskunámskeið á netinu (Icelandic Online) og átta vikna námskeið gegn gjaldi (Icelandic Online 1 og 2 PLUS) með leiðbeinanda þar sem áhersla er á talmál, lestur, málfræði og ritun (Icelandic Online 1 og 2 PLUS) (Háskóli Íslands, e.d. d). Háskóli Íslands býður einnig upp á íslenskunámskeið fyrir erlenda starfsmenn og doktorsnema. Fyrir þá sem vilja öðlast fræðilega og/eða hagnýta þekkingu á íslensku er nám í íslensku sem öðru máli einnig valkostur. Þar eru tvær námsleiðir í boði, annars vegar BA-nám, sem er hagnýtt tungumálanám og almennt fræðilegt nám um íslenska tungu, bókmenntir og sögu Íslands, og hins vegar hagnýtt nám, sem er einkum ætlað þeim sem vilja auka færni sína í íslensku til að geta tekist á við annað nám eða störf í íslensku samfélagi. Auk þessara skilgreindu námsleiða er boðið upp á hagnýtt námskeið fyrir byrjendur í íslensku (e. Icelandic – the basics), á hverju misseri sem er ætlað nemendum úr öðrum deildum Háskóla Íslands (Háskóli Íslands, e.d. e).

Háskóli Íslands (Háskóli Íslands, e.d. i) og Háskólinn á Akureyri (Háskólinn á Akureyri, e.d. c) hafa birt málstefnu þar sem áhersla er lögð á að íslenskt ritmál og talmál sé lagt til grundvallar en enska sé einnig mikilvæg í starfi háskólanna vegna alþjóðlegra samskipta. Annarra tungumála er ekki getið sérstaklega í stefnu skólanna, heldur með almennum hætti. Þannig kemur fram í málstefnu Háskóla Íslands (e.d. i) að grundvallaratriði málstefnunnar sé að talmál og ritmál háskólans sé íslenska, jafnt í kennslu, rannsóknum og stjórnsýslu. Íslenska sé því sjálfgefið tungumál í öllu

starfi háskólans og notuð nema sérstakar ástæður séu til annars. Í málstefnunni kemur einnig fram að samkvæmt þeim lögum sé íslenskt táknið fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta, og njóti því einnig sérstakra réttinda innan háskólans. Þá er þess getið að enska sé einnig mjög mikilvæg í starfi háskólans vegna erlendra kennara og stúdenta, vegna þjálfunar stúdenta til þátttöku í alþjóðlegu akademísku starfi og vegna þátttöku skólans í margs kyns alþjóðlegu samstarfi. Því sé lögð áhersla á að sem víðtækastar og ítarlegastar upplýsingar um skólann og starfsemi hans séu aðgengilegar á ensku á ytri og innri vefjum skólans. Loks kemur fram í málstefnunni að skólinn hvetji einnig til þess að stúdentar og kennarar noti önnur erlend mál en ensku í starfi sínu ef þess er kostur.

Í málstefnu Háskólans á Akureyri (e.d. c) er lögð áhersla á tvíþætt hlutverk háskóla, þ.e. að háskólanum beri í fyrsta lagi að rækja skyldur sínar við íslenskt samfélag til uppfræðslu, sköpunar og miðunar þekkingar og geri þær kröfur til sín og starfsmanna sinna að vera til fyrirmyndar um notkun, kennslu og þróun íslenskrar tungu, og efla eftir föngum framlag sitt til íslenskrar menningar. Í annan stað skipti það meginmáli að styrkja hlutverk háskólans í alþjóðlegu samhengi, ástunda kennara- og nemendaskipti og samstarf við erlenda háskóla og fræðslustofnanir og tryggja framlag skólans til fræðimennsku og þekkingarsköpunar á erlendum vettvangi. Til að háskólinn geti sem best sinnt starfi sínu við rannsóknir og kennslu beri því að leggja á það áherslu að notkun tungumála innan skólans styðji og endurspegli þetta tvíþætta hlutverk hans.

Í ársskýrslu Háskólans í Reykjavík frá árinu 2007 (Háskólinn í Reykjavík, 2007) kemur fram að hann verði að fullu tvítyngdur árið 2010, en ekki er skýrt hvernig staðið skuli að því og ekki er að finna nýrri upplýsingar á vef skólans um þessa áherslu.

Á vefsíðum og í stefnuskjölum háskólanna þriggja er ekki að sjá að skipulag sem tekur tillit til fjölbreytileika eða fjölbreyttra nemendahópa sé fyrir hendi í háskólunum. Boðið er upp á íslensku-kennslu, einkum hagnýta íslensku, en hún er ekki tengd öðrum námsgreinum. Ekki koma fram upplýsingar um það hvort nemandur af erlendum uppruna eigi möguleika á að nota annað tungumál en íslensku við framkvæmd prófa í háskólunum eða nýta sér önnur prófform. Í málstefnu skólanna kemur fram að íslenskt talmál og ritmál sé lagt til grundvallar en að enska sé einnig mikilvæg vegna alþjóðlegra samskipta. Annarra tungumála er getið með almennum hætti, en ekki hvernig skuli nota þau í starfi skólanna.

Flest úrræði háskólanna þriggja eru sniðin að þörfum nemenda með fötlun, langvarandi veikindi eða sértæka námsörðugleika. Náms- og starfsráðgjafar í öllum háskólunum bjóða upp á viðtal, þar sem nemandi þarf að afhenda tilskilin gögn frá sérfræðingi og síðan er gengið frá skriflegu samkomulagi um úrræði (Háskóli Íslands, e.d. h; Háskólinn á Akureyri, e.d. b; Háskólinn í Reykjavík, e.d. d). Í Háskólanum í Reykjavík er áhersla ráðgjafa á að efla færni og metnað nemenda í námi og störfum; styrkja nemendur sem námsmenn og sérfræðinga þannig að þeir nái hámarksárangri; og auka sjálfsöryggi og sjálfsþekkingu nemenda (Háskólinn í Reykjavík, e.d. d). Ferlum og úrræðum náms- og starfsráðgjafa Háskólans á Akureyri er lýst mjög ítarlega á vefsíðu skólans (Háskólinn á Akureyri, e.d. b). Hins vegar koma ekki fram á vefsíðum háskólanna þriggja upplýsingar um þjónustu fyrir háskólanema af erlendum uppruna vegna tungumálaörðugleika, menningarmunar, ólíkra námsvenja og samskiptahátta eða nýtingar á þekkingu, reynslu og færni nemenda.

Háskólinn í Reykjavík býður upp á þjónustu fyrir skiptinema sem kallast HR-félagar (e. buddy system). Markmið þjónustunnar, sem er í formi sjálfboðavinnu og stendur til boða í nokkrar vikur eftir komuna til landsins, er að auðvelda aðlögun að íslensku samfélagi (Háskólinn í Reykjavík, e.d. a). Sömuleiðis rekur Háskóli Íslands svokallað Mentor-kerfi, en samkvæmt upplýsingum á vef háskólans er hlutverk mentors að vera erlendum stúdentum innan handar við komuna til landsins, fara með þeim yfir hagnýt atriði sem tengjast námi við Háskóla Íslands og að kynna félagslíf og koma í veg fyrir félagslega einangrun. Hver mentor tekur að sér tvo til þrjá erlenda nema og fær skráða viðurkenningu fyrir störf sín (Háskóli Íslands, e.d. g).

Vísbendingar eru um að háskólayfirvöld og aðrir stefnumótandi aðilar séu viljugir að opna umræðu um menntun innflytjenda á háskólastigi. Dæmi um það er ráðstefnan og fyrirlestraröðin *Fræði og fjölmennning* á vegum Háskóla Íslands (Háskóli Íslands, e.d. c). Eitt af markmiðum verkefnisins er að gera grein fyrir stöðu fjölmennningar innan háskólans, greina frá þeirri þjónustu sem stendur

erlendum nemendum til boða og efla samstarf innan háskólans um móttöku erlendra nemenda. Einnig eru ýmsir viðburðir á Jafnréttisdögum Háskóla Íslands tengdir málefnum fullorðinna innflytjenda og árið 2015 var meðal annars rætt um atgervissóun (e. brain waste), þ.e. þegar hæfni og þekking innflytjenda nýtist illa eða alls ekki, hvernig þessi mál blasa við Háskóla Íslands og hvaða möguleika skólinn hefur til að snúa þeirri þróun við (Háskóli Íslands, e.d. a). Jafnréttisdagar Háskólans í Reykjavík eru á svipuðum nótum, þar eru tvinnuðir saman hinir ýmsu þættir jafnréttis og fjallað um fjölbreytileika, forréttindi, þöggun, jafnréttisbaráttu, vald og mismunun. Markmið viðburðarins er að skapa opna umræðu og auka skilning á jafnrétti ásamt því að vekja athygli á jafnréttismálum og „virkja slagkraft þeirra fjölmörgu aðila sem vinna að jafnrétti“ (Háskólinn í Reykjavík, e.d. c).

Háskólanir þrír bjóða upp á ýmsa þjónustu fyrir nema, en erfitt er að finna í opinberum upplýsingum hvort og hvernig þessi þjónusta svarar þörfum nemenda af erlendum uppruna. Sá félagslegi stuðningur sem ætlaður er skiptinimum er dæmi um þjónustu sem gæti einnig hentað vel innflytjendum sem hefja háskólanám, en ekki kemur fram á vefsíðum háskólanna hvort þeir geti nýtt sér hana eins og skiptinemar. Þó eru sýnileg á vefsíðum dæmi um opna, hagnýta umræðu um fjölmenningu og um hlutverk háskólans í vinnu gegn jaðarstöðu innflytjenda.

Umræður og lokaorð

Þó að í stefnu háskóla á Íslandi komi fram skilningur á að fjölbreytileiki nemendahópa sé vaxandi og að í einhverjum tilvikum sé kveðið á um ábyrgð þeirra á að ná til innflytjenda (sjá t.d. *Stefnu Háskóla Íslands 2016–2021* (Háskóli Íslands, 2016); *Stefnu Háskólans á Akureyri 2012–2017* (Háskólinn á Akureyri, 2012); *Stefnu Háskólans í Reykjavík* (Háskólinn í Reykjavík, e.d. e) eru ekki sýnilegar upplýsingar um það hvernig þessir háskólar koma til móts við innflytjendur né hvernig framkvæmd stefnunnar er fylgt eftir.

Lögin sem varða háskólanám á Íslandi (Lög um háskóla, nr. 63/2006; Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008) fjalla ekki um fjölbreytta nemendahópa. Engar upplýsingar virðast liggja fyrir um nám innflytjenda á háskólastigi í stefnumiðum eða skýrslum stjórnvalda, þó að þar sé fjallað um mikilvægi menntunar innflytjenda almennt. Niðurstöðurnar benda einnig til þess að háskólarnir þrír hafi ekki skýra stefnu í málefnum háskólanema af erlendum uppruna. Áherslan í stefnu háskólanna þriggja er á jafnrétti, en einblínt er á jafnrétti kynjanna og einungis í sumum tilvikum fjallað um jafnrétti í víðara samhengi og þættir á borð við þjóðerni, móðurmál og uppruna teknir fyrir. Gray, o.fl. (1996) leggja áherslu á mikilvægi þess að stefnumótandi aðilar sýni meiri áhuga á reynslu og þörfum innflytjenda í námi á háskólastigi, því slíkar upplýsingar myndu hjálpa til við stefnumótun og þróun námsbrauta. Dæmi eru þó um að háskólayfirvöld og aðrir stefnumótandi aðilar séu tilbúnir til að opna þverfaglega umræðu um menntun innflytjenda á háskólastigi, en sú umræða er talin mjög mikilvæg í uppbyggingu fjölmenningarlegs háskólastarfs og samfélags (Franke, 2015).

Eins og áður segir er ekki að finna upplýsingar á vefsíðum háskólanna þriggja sem beinlínis varða þjónustu fyrir nema af erlendum uppruna. Þau úrræði sem standa til boða fyrir erlenda nema eru sniðin að þörfum skiptinema frekar en innflytjenda, eins og félagslegur stuðningur, en fyrri rannsóknir benda til þess að viðbrögð menntakerfisins þurfi að vera margvísleg og að taka þurfi tillit til félagslegrar stöðu, tungumálakunnáttu og menningar nemenda (Anderson, 2008; Gundara, 2000; Lillie, 2013; Rizvi og Lingard, 2010). Einnig er mikilvægt að hafa skýrar reglur um eftirlit með framkvæmd stefnunnar, svo sem ítarlega skráningu og nákvæma tölfræði um námsgengi nemenda af erlendum uppruna í háskólanámi og skilvirkni ýmissa verkefna og þjónustu háskóla við þennan hóp nemenda (Gray o.fl., 1996). Eins og áður er getið telja ýmsir fræðimenn að líta ætti á fjölbreytileika nemenda sem eðlilegan þátt í háskólasamfélögum í fjölmenningsamfélagi, en ekki leggja eingöngu áherslu á sérúrræði fyrir tiltekna nemendahópa (Boesch, 2014; Daddona, 2011; Stebleton og Soria, 2012).

Þó að upplýsingar um innflytjendur í háskólanámi séu af skornum skammti í stefnu og öðrum skjölum háskólanna þriggja í rannsókninni er hugsanlegt að tekið sé tillit til þeirra í daglegu starfi og kennsluhættir séu lagaðir að fjölbreyttum hópum nemenda. Þetta verður athugað nánar í rannsóknarverkefningu, eins og áður er getið. Mikilvægt er að athuga hvernig fjölbreytileiki nemenda endurspeglast í daglegu starfi skólanna, ekki síst hvað varðar ýmsa jaðarhópa.

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru mikilvægar íslensku háskólasamfélagi og gætu nýst við að bæta tækifæri og líðan háskólanema af erlendum uppruna og styrkja stofnanir, nám og kennslustarf. Næsta skref í verkefninu er að veita innsýn í reynslu háskólanema af erlendum uppruna, kennara þeirra og annars lykilmanna í háskólunum, sem og að athuga áskoranir og tækifæri sem felast í því fyrir háskóla að taka á móti fjölbreyttum nemendahópum.

Heimildir

Anderson, J. A. (2008). *Driving change through diversity and globalization: Transformative leadership in the academy*. Stirling, VA: Stylus.

Anh-Dao Tran. (2015). *Untapped resources or deficient 'foreigners'. Students of Vietnamese background in Icelandic upper secondary schools* (óbirt doktorsritgerð). Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/23419>

Astin, A. W. og Oseguera, L. (2004). The declining “equity” of American higher education. *Review of Higher Education*, 27(3), 321–341.

Atkinson, P. A. og Coffey, A. (1997). Analysing documentary realities. Í D. Silverman (ritstjóri), *Qualitative research: Theory, method and practice* (bls. 45–62). London: Sage.

Boesch, B. (2014). The importance of the professor in college classroom climate for immigrant students. *College Quarterly*, 17(4). Sótt af <http://collegequarterly.ca/2014-vol17num04-fall/boesch.html>

Books, S., Hanna Ragnarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Allyson Macdonald. (2011). A university program with “the whole world as a focus”: An Icelandic response to globalization. *Innovative Higher Education*, 36, 125–139.

Bowen, G. A. (2009). Document analysis as a qualitative research method. *Qualitative Research Journal*, 9(2), 27–40.

Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. London: SAGE.

Calvo, R. og Sarkisian, N. (2015). Racial/ethnic differences in post-migration education among adult immigrants in the USA, *Ethnic and Racial Studies*, 38(7), 1029–1049.

Cynthia Trilliani. (2015). *Cultural marginality among Asian women immigrants in Iceland: Exploring the dimensions of cross-cultural adaptation and participation in social and educational settings* (óútgefin meistarafráttir). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Daddona, M. F. (2011). Peer educators responding to students with mental health issues. *New Directions for Student Services*, 133, 29–39.

Erismann, W. og Looney, S. (2007). *Opening the door to the American dream: Increasing higher education access and success for immigrants*. Washington, DC: Institute for Higher Education Policy.

European Commission/EACEA/Eurydice. (2015). The European Higher Education Area in 2015: Bologna Process Implementation Report. Luxembourg: Publications Office of the European Union.

Félagsmálaráðuneytið. (2007). *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*. Reykjavík: Höfundur.

Franke, R. (2015). Why the status quo isn't good enough – examining student success for diverse populations in the United States. Í R. M. O. Pritchard, M. Klumpp og U. Teichler (ritstjórar), *Diversity and excellence in higher education* (bls. 109–132). Rotterdam: Sense Publishers.

Gabel, S. L., Reid, D., Pearson, H., Ruiz, L. og Hume-Dawson, R. (2016). Disability and diversity on CSU websites: A critical discourse study. *Journal of Diversity in Higher Education*, 9(1), 64–80.

Gestur Guðmundsson. (2013a, 31. desember). Innflytjendur í íslenskum framhaldsskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/003.pdf

Gestur Guðmundsson. (2013b). Excluded youth in itself and for itself: Young people from immigrant families in Scandinavia. Í Gestur Guðmundsson, D. Beach og V. Vestel (ritstjórar), *Youth and marginalisation. Young people from immigrant families in Scandinavia* (bls. 1–7). London: Tufnell Press.

Gloria, A. M. og Kurpius, S. E. R. (2001). Influences of self-beliefs, social support, and comfort in the university environment on the academic nonpersistence decisions of American Indian undergraduates. *Cultural Diversity & Ethnic Minority Psychology*, 7, 88–102.

Gray, M., Rolph, E. og Melamid, E. (1996). *Immigration and higher education: Institutional responses to changing demographics*. Santa Monica, CA: Rand.

Gundara, J. S. (2000). *Interculturalism, education and inclusion*. London: Paul Chapman.

Gyða Jóhannsdóttir og Jón Torfi Jónasson. (2013, 31. desember). The development dynamics of a small higher education system. Iceland - A case in point. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/004.pdf

Gyða Jóhannsdóttir og Jón Torfi Jónasson. (2014). External and internal influences on the development of Icelandic higher education. *Nordic Studies in Education*, 34, 153–171.

Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir. (2010). Kennsla í fjölbreyttum nemendahópi. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 187–208). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hagstofa Íslands. (2016a). Erlendir ríkisborgarar. Sótt af <http://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/bakgrunnur/>

Hagstofa Íslands. (2016b). Menntun. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/>

Hanna Ragnarsdóttir. (2010, 31. desember). Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/012.pdf>

Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Líf og störf ungra innflytjenda: Reynsla ungmenna af tíu ára búsetu á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, 20(2), 53–70.

Hanna Ragnarsdóttir. (2012a). Empowering diverse teachers for diverse learners: A program in international studies in education and its implications for diverse school settings. Í A. Honingsfeld og A. Cohan (ritstjórar), *Breaking the mold of education for culturally and linguistically diverse students: Innovative and successful practices for the 21st century* (bls. 229–236). New York: Rowman og Littlefield

Hanna Ragnarsdóttir. (2012b, 8. mars). Kennarar í fjölmenningsarsamfélagi: Aðgengi fjölbreyttra nemendahópa að kennaranámi á Íslandi. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Greinaflokkur um kennaramenntun til heiðurs Ólafi J. Proppé sjötugum á tíu ára afmæli Netlu – Veftímarits um uppeldi og menntun. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/002.pdf>

Hanna Ragnarsdóttir. (ritstjóri). (2015). *Learning spaces for inclusion and social justice: Success stories from immigrant students and school communities in four Nordic countries. Report on main findings from Finland, Iceland, Norway and Sweden* [Skýrsla]. Sótt af <http://lsp2015.hi.is/final-report>

Hanna Ragnarsdóttir og Börkur Hansen. (2014). The development of a collaborative school culture: The case of an inner city school in Reykjavík, Iceland. Í Hanna Ragnarsdóttir og C. Schmidt (ritstjórnar), *Learning spaces for social justice: International perspectives on exemplary practices from preschool to secondary school* (bls. 76–92). London: A Trentham Book - Institute of Education Press.

Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal. (2007). Háskólastigið í ljósi hnattvæðingar: Rannsókn á stöðu og reynslu erlendra nemenda við Kennaraháskóla Íslands. *Uppeldi og menntun*, 16(2), 161–182.

Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal. (2014). Fjölmennningarlegt námssamfélag: Reynsla nemenda af alþjóðlegu námi í menntunarfræði við Háskóla Íslands. *Uppeldi og menntun*, 23(1), 27–45.

Háskóli Íslands. (2008). *Skýrsla nefndar um inntöku nýnema og aðgerðir gegn brottfalli úr námi*. Reykjavík: Höfundur.

Háskóli Íslands. (2013a). *Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013–2017*. Reykjavík: Höfundur.

Háskóli Íslands. (2013b). *Jafnréttisáætlun Menntavísindasviðs Háskóla Íslands 2013–2017*. Sótt af <http://www.hi.is/sites/default/files/menntavísindasvið/Jafnr%C3%A9ttis%C3%A1%C3%A6tlun%20Menntav%C3%ADsindasvi%C3%B0s%202013-2017.pdf>

Háskóli Íslands. (2016). *Stefna Háskóla Íslands 2016–2021*. Reykjavík: Höfundur.

Háskóli Íslands. (e.d. a). Dagskrá Jafnréttisdaga 2015. Sótt af http://www.hi.is/adalvefur/dagskra_jafnrettisdaga_2015

Háskóli Íslands. (e.d. b). Erlendir nemendur í Háskóla Íslands. Sótt af http://www.hi.is/adalvefur/erlendir_nemendur_i_haskola_islands

Háskóli Íslands. (e.d. c). Fræði og fjölmennning. Sótt af http://www.hi.is/fraedi_og_fjolmenning/fraedi_og_fjolmenning

Háskóli Íslands. (e.d. d). Icelandic online. Sótt af <http://icelandiconline.is>

Háskóli Íslands. (e.d. e). Íslenska sem annað mál. Sótt af http://www.hi.is/islensku_og_menn-ingardeild/islenska_sem_annað_mal

Háskóli Íslands. (e.d. f). Jafnréttismál. Sótt af <http://www.hi.is/adalvefur/jafnrettismal>

Háskóli Íslands. (e.d. g). Mentorverkefni Skrifstofu alþjóðasamskipta og Stúdentaráðs. Sótt af <http://www.hi.is/adalvefur/mentorverkefni>

Háskóli Íslands. (e.d. h). Úrræði í námi og prófum. Sótt af http://nshi.hi.is/urraedi_i_nami_og_profum

Háskóli Íslands. (e.d. i). Málstefna. Sótt af http://www.hi.is/adalvefur/malstefna_haskola_islands

Háskólinn á Akureyri. (2012). *Stefna Háskólans á Akureyri 2012-2017*. Akureyri: Höfundur. Sótt af http://www.unak.is/static/files/Stjornsysla_stefnumal/HA_Stefna2012-2017_www.pdf

Háskólinn á Akureyri. (e.d. a). Íslenska sem annað mál. Sótt af <https://ugla.unak.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=86138720166&merkja=%C3%ADslenska+sem+&kennsluar=2016>

Háskólinn á Akureyri. (e.d. b). Náms- og starfsráðgjöf. Sótt af <http://www.unak.is/namsradgjof>

Háskólinn á Akureyri. (e.d. c). Málstefna. Sótt af http://www.unak.is/static/files/Stjornsysla_stefnumal/Malstefna%20HA_%20samthykkt%2020208.pdf

- Háskólinn í Reykjavík. (2007). Ársskýrsla. Sótt af http://www.ru.is/media/baeklingar/Haskolinn-i-Reykjavik-Arsskyrsla_2007.pdf
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d. a). Alþjóðastarf nemenda í HR. HR félagar, alþjóðaráð og ESN. Sótt af <http://www.ru.is/thjonusta/althjodasvid/hr-felagi/>
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d. b). International Office. Sótt af <http://en.ru.is/international/>
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d. c). Jafnréttisdagar. Sótt af <http://www.ru.is/haskolinn/vidburdir/jafnréttisdagar>
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d. d). Náms- og starfsráðgjöf. Sótt af <http://www.ru.is/radgjof/>
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d. e). Stefnur Háskólans í Reykjavík. Sótt af <http://www.ru.is/skipulag/stefnur/>
- Herdís Sólborg Haraldsdóttir. (2013). *Jafnrétti í háskólum á Íslandi. Greining á stöðu jafnréttismála í háskólum á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Jón Torfi Jónasson. (2008). *Inventing tomorrow's university. Who is to take the lead?* Bologna: The Magna Charta Observatory.
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Anne-Christin Tannhäuser. (2011). Dropout in a small society: Is the Icelandic case somehow different? Í S. Lamb, E. Markussen, R. Teese, N. Sandberg og J. Polesel (ritstjórar), *School dropout and completion: International comparative studies in theory and policy* (bls. 233–251). London: Springer.
- Lillie, E. (ritstjóri). (2013). *Sense and sensitivity: Difference and diversity in higher education classrooms*. Oxford: Peter Lang.
- Lög um háskóla nr. 63/2006.
- Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008.
- Meyer, K. A. (2008). The “virtual face” of institutions: What do home pages reveal about higher education? *Innovative Higher Education*, 33(3), 141–157.
- Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson. (2011, 31. desember). Ungir innflytjendur og aðrir einstaklingar með erlendan bakgrunn í íslensku samfélagi og íslenskum skólum 1996–2011. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/020.pdf>
- Parekh, B. (2006). *Rethinking multiculturalism: Cultural diversity and political theory* (2. útgáfa). London: Palgrave.
- Pippert, T. D., Essenburg, L. J. og Matchett, E. J. (2013). We've got minorities, yes we do: Visual representation of racial and ethnic diversity in college recruitment material. *Journal of Marketing for Higher Education*, 23(2), 258–282.
- Prior, L. (2003). *Using documents in social research*. London: Sage Publications.
- Rizvi, F. og Lingard, B. (2010). *Globalizing education policy*. London: Routledge.
- Robert Berman, Samúel Lefever og Anna Katarzyna Wozniczka. (2012, 31. desember). Attitudes towards languages and cultures of young Polish adolescents in Iceland. *Ráðstefnurit Netlu: Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/024.pdf>
- Rósa Björg Þorsteinsdóttir. (2013). *Brotthvarf innflytjenda úr framhaldsskóla: Hvaða úrræði nota íslenskir og norskir framhaldsskólar til að vinna gegn brotthvarfi innflytjenda?* (óútgefin meistaraaritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Samúel Lefever, Paavola, H., Berman, R., Hafdís Guðjónsdóttir, Talib, M. T. og Karen Rut Gísladóttir. (2014). Immigrant teachers in Iceland and Finland: Successes and contributions. *The International Journal of Education for Diversities*, 3, 65–85. Sótt af <http://blogs.helsinki.fi/ije4d-journal/files/2015/01/IJE4D-vol.-3-article-4.pdf>

Scott, P. (2015). Markets and managerialism. Enhancing diversity or promoting conformity? Í R. M. O. Pritchard, M. Klumpp og U. Teichler (ristjórar), *Diversity and excellence in higher education* (bls. 3–17). Rotterdam: Sense Publishers.

Sinacore, A. L. og Lerner, S. (2013). The cultural and educational transitioning of first generation immigrant undergraduate students in Quebec, Canada. *International Journal for Educational and Vocational Guidance*, 13(1), 67–85.

Sinacore, A. L. Park-Saltzman, J., Mikhail, A. M. og Wada, K. (2011). Falling through the cracks: Academic and career challenges faced by immigrant graduate students. *Canadian Journal of Counselling and Psychotherapy* 45(2), 168–187.

Stake, R. E. (1995). *The art of case study research*. Thousand Oaks, CA: Sage.

Stebleton, M. og Soria, K. M. (2012). Breaking down barriers: Academic obstacles of first-generation students at research universities. *Learning Assistance Review*, 17(2), 7–20.

Sterzuk, A. (2015). 'The standard remains the same': language standardisation, race and othering in higher education. *Journal of Multilingual and Multicultural Development*, 36(1), 53–56.

Susan Rafík Hama. (2012). "Að brjótast úr viðjum vanans": Áhrif menningar og félagslegrar stöðu kvenna frá Miðausturlöndum á þátttöku þeirra í símenntun á Íslandi (óútgefin meistarafráttir). Háskóli Íslands.

Sutherland, R., Claxton, G. og Pollard, A. (ristjórar). (2003). *Learning and teaching where world-views meet*. Stoke on Trent: Trentham.

Velferðarráðuneytið. (2016). *Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun í mállefnum innflytjenda árið 2016*. Reykjavík: Höfundur.

Wilson, J. L. og Meyer, K. A. (2009). Higher education websites: The "virtual face" of diversity. *Journal of Diversity in Higher Education*, 2(2), 91–102.

Yin, R. K. (1994). *Case study research: Design and methods* (2. útgáfa). Thousand Oaks, CA: Sage.

Þingskjal nr. 1285/2015–2016. Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í mállefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019.

Um höfunda

Anna Katarzyna Wozniczka (akw1@hi.is) er doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Anna lauk MA-prófi í menntunarfræðum frá Háskóla Íslands árið 2011 og MA-prófi í alþjóðasamskiptum frá Viðskiptaháskólanum í Katowice, Pólandi árið 2006. Anna hóf doktorsnám árið 2014 og beinist rannsókn hennar að stöðu og framtíðarsýn grunnskólanema af erlendum uppruna í dreifbýli og þéttbýli á Íslandi.

Hanna Ragnarsdóttir (hannar@hi.is) er prófessor við uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hún lauk B.A.-prófi í mannfræði og sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1984, M.Sc.-prófi í mannfræði frá London School of Economics and Political Science árið 1986 og Dr.philos-prófi í menntunarfræði frá Háskólanum í Osló árið 2007. Rannsóknir hennar hafa einkum beinst að börnum og fullorðnum af erlendum uppruna í íslensku samfélagi og skólum og ýmsum þáttum fjölmenningslegs skólustarfs.

Efnisorð

Lög – stefna – úrræði – háskólanemar af erlendum uppruna – íslenskir háskólar.

About the authors

Anna Katarzyna Wozniczka (akw1@hi.is) is a doctoral student at the School of Education at the University of Iceland. She completed a MA degree in international studies in education from University of Iceland in 2011 and a MA degree in international relations and global problems from the University of Economics in Katowice, Poland in 2006. Anna started her doctoral studies in 2014 and her research focuses on status and prospects of immigrant students in rural and urban schools in Iceland.

Hanna Ragnarsdóttir (hannar@hi.is) is a professor at the School of Education, University of Iceland. She completed a BA degree in anthropology and history from the University of Iceland in 1984, an MSc degree in anthropology from the London School of Economics and Political Science in 1986, and a Dr.philos in education from the University of Oslo in 2007. Her research has mainly focused on immigrants (children, adults, and families) in Icelandic society and schools, multicultural education, and school reform.

Key words

Acts – policies – services – immigrant students in universities – Icelandic universities.



Anna Katarzyna Wozniczka og Hanna Ragnarsdóttir. (2016).

Lög, stefna og úrræði í málefnum háskólanema af erlendum uppruna í þremur háskólum á Íslandi.

Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérriit 2016 – Menntun, mannvit og margbreytileiki. Greinar frá Menntakviku Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

http://netla.hi.is/serrit/2016/menntun_mannvit_og_margbreytileiki_greinar_fra_menntakviku/003.pdf